



**Endurskoðuð skólastefna fyrir  
Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit  
2022-2027**

## Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsendur	3
Skóli án aðgreiningar – einstaklingsmiðað nám	5
Nemendur	5
Uppeldi, nám og kennsla	6
Aðstæður	6
Heimili og skóli	7
Starfsfólk og starfsþróun	7
Samstarf	8
Skóli, samfélag og umhverfi	9
Virk skólafélag	10

## Inngangur

Hér er lögð fram tillaga að endurskoðaðri skólastefnu fyrir Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit.

Þessi stefnumótun er byggð á niðurstöðum funda sem haldnir hafa verið með stýrihópi verkefnisins, sem alls hefur haldið fimm fundi, funda með nemendum Grunnskólans og Tónlistarskólans, leikskólabörnum, starfsfólki skólanna tveggja, auk þess sem efnt var til íbúafundar þriðjudaginn 10. maí, en fundinn sóttu um 30 þátttakendur.

Á fundunum hefur verið leitað álits á því hvað vel hafi verið gert í skóla- og frístundastarfi og hvað megi betur fara. Þá hafa fundarmenn verið beðnir um að setja fram hugmyndir um sóknarfæri og lýsa óskum sínum, skólunum og frístundastarfinu til handa.

Einnig er byggt er á ýmsum gögnum; skólanámskrám, sjálfsmatsskýrslum, umbótaætlunum og niðurstöðum Skólalámsins. Þá er byggt á skýrslu um ytra mat á grunnskólanum sem gerð var fyrir Menntamálastofnun 2021 (Gunnhildur Harðardóttir og Þórdís Hauksdóttir, 2021).

Í þessari tillögu er, eins og gert var við stefnumótunarvinnuna 2016, leitast við að byggja sem allra mest á sjónarmiðum sem fram hafa komið í samræðum í tengslum við undirbúning stefnunnar. Áhersla hefur verið lögð á lýðræðisleg vinnubrögð þar sem börn, foreldrar, kennarar og annað starfsfólks skólanna og íbúar hafa lagt sitt af mörkum. Þess er vænst að þessi víðtæka samvinna um mótun skólastefnunnar vísi veginn um vinnubrögð á þessum vettvangi í framtíðinni.

Í stýrihópi um verkefnið voru:

- Agnes Helga Sigurðardóttir fyrir skóla- og fræðslunefnd
- Anna Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldraráðs leikskólans í Stykkishólmi
- Berglind Axelsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Stykkishólmi
- Hafrún Brá Hafsteinsdóttir, fulltrúi Foreldrafélags Tónlistarskólans
- Helga Sóley Ásgeirsdóttir, fulltrúi nemendafélags Grunnskólans
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir forseti bæjarstjórnar, formaður stýrihópsins
- Kristjón Daðason deildarstjóri Tónlistarskólans
- Magnús Ingi Bæringsson tólmstunda- og æskulýðsfulltrúi
- María Kúld, fulltrúi Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi
- Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskólans í Stykkishólmi
- Tara Kristín Bergmann, fulltrúi nemendafélag Grunnskólans

Ráðgjafar við þessa endurskoðun voru dr. Ingvar Sigurgeirsson, fv. prófessor við Háskóla Íslands og dr. Lilja M. Jónsdóttir, fv. lektor við Háskóla Íslands

## Forsendur

Þessi skólastefna leysir af hólmi skólastefnu sem sett var 2016. Þegar horft er til þróunar skóla- og frístundastarfs frá þeim tíma má sjá að starfið gengur vel og hefur þróast í jákvæðar áttir. Þetta var staðfest í þeim viðræðum sem áttu sér stað við undirbúning endurskoðunarinnar og einnig má vísa til kannana sem gerðar hafa verið á viðhorfum til starfsins. Skóla- og frístundastarf gengur í meginatriðum vel. Skólarnir eru vel mannaðir, þó áriðandi sé að bæta um betur með því að fjölga fagmenntuðum kennurum í leikskólanum og ráða fagfólk í stoðþjónustu á báðum stigum.

Byggt hefur hefur verið við leikskólann og ný bygging sem hýsir Amtsbókasafnið reist við grunnskólann sem nýtir safnið með ýmsum hætti. Húsnæði grunnskólans þarfnast enn talsverðra umbóta.

Starf tengt lengdri viðveru yngstu barnanna (Regnbogaland) hefur verið styrkt og frístundastarfi unglínganna verið fundinn nýr staður, sem uppfyllir þó ekki þær kröfur sem eðlilegt er að gera til slíks húsnæðis. Eins er talið afar æskilegt að finna frístundastarfinu stað nær grunnskólanum. Þá er það einnig mat flestra að afar æskilegt sé að Tónlistarskólinn sé í eða sem næst húsakynnum grunnskólans.

Góð starfsaðstaða er í leikskólanum, skólinn um margt vel búinn og starfsumhverfið fjölbreytt og fallett. Börnunum líður vel, starfið er fjölbreytt og uppeldisstarf markvisst. Leikur, sjálfstyrking, málörvun og skapandi starf eru í öndvegi í leikskólastarfinu þar sem m.a. er byggt á fjölgreindakenningu Howards Gardners og nálgun, sem sótt er til hugmyndafræði Reggio Emilia stefnunnar, þar sem áhersla er á val, könnunaraðferðir og skapandi vinnu barnanna með opinn efnivið. Ný aðstaða, listasmiðja, skapar leikskólanum svigrúm til að efla enn frekar skapandi starf. Í grunnskólanum er meðal annars verið að innleiða teymiskennslu og leiðsagnarmat og efnt hefur verið til áhugaverðra þróunarverkefna sem tengjast sköpun og velferð nemenda. Þar hefur frá 2017 staðið yfir tilraun með þverfaglegt starf sem kallað er Sköpun, þar sem nemendur á yngsta og miðstigi hafa fengist við fjölbreytt skapandi verkefni. Þá má nefna lýðræðisþing sem haldin hafa verið með nemendum árlega.

Útinám hefur verið eftt á báðum skólastigunum. Einn af kennurum leikskólans hefur sérhæft sig í útikennslu og fer reglulega með hópa í skógræktina í nágrenni skólans. Skólarnir hafa báðir sett sér metnaðarfullar skólanámskrár og mótað sér sameiginlega læsistefnu til 2025.

Ákvörðun var tekin um samrekstur grunnskólans og Tónlistarskólans og er ánægja með þá tilhögun. Tónlistarskólinn býður fjölbreytt tónlistarnám, aðsókn að skólanum er mikil og nemendur áhugasamir og jákvæðir. Á vegum deildarinnar starfar öflug lúðrasveit sem íbúar eru stoltir af og er deildin mjög sýnileg í samfélaginu. Stofnuð hefur verið skapandi deild við Tónlistarskólann með áherslu á lagasmíðar, útsetningar, upptökur, hljóðblöndun, sviðsframkomu og skipulag tónlistarviðburða og hefur þetta starf notið mikilla vinsælda. Enda þótt félagsmiðstöðin búi ekki við bestu aðstæður er starfið sjálft skemmtilegt og hugmyndaríkt og þátttaka í því mikil.

Þegar mótuð er skólastefna skiptir sá skilningur miklu að skóla- og frístundastarfi er alltaf hægt bæta. Fagmennska á þessu sviði byggist öðru fremur á því að vera stöðugt að leita leiða til að bæta starfið.

Eftirfarandi áskoranir voru taldar veigamestar í skóla- og frístundamálum á næstu árum:

- Að styrkja leikskólastigið, bæta starfsaðstæður þar og skapa aukinn skilning og samstöðu um mikilvægi fyrsta skólastigsins og virðingu fyrir því.
- Leita allra leiða til að laða að fleira fagmenntað starfsfólk að leikskólanum, sem og að styðja ófaglært starfsfólk til menntunar.
- Að tryggja starfsfólki leikskólans aðgang að lögbundinni leikskólaráðgjöf.
- Efling stoð- og skólaþjónustu á báðum skólastigum.
- Úrbætur í húsnæðismálum grunnskólans, Tónlistarskólans og frístundastarfsins.
- Efling tölvu- og tækjabúnaðar.
- Bæta kennslu barna af erlendum uppruna.
- Bæta kennslu barna með sértæka námserfiðleika.
- Efla trú nemenda á eigin námsgetu og áhuga þeirra á námi, m.a. lestraráhuga.
- Efla samstarf heimila og skóla, sem og að skapa aukin skilning á þýðingu menntunnar og þá sérstaklega mikilvægi leikskólastigsins.

Þegar spurt var um hver væru **helstu sóknarfæri** í skóla- og frístundamálum voru þessi atriði einkum nefnd:

- Aukin áhersla á einstaklingsmiðað í nám, meira val nemenda og valnámskeið og á ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Meiri áhersla á skapandi starf, nýsköpunarverkefni og verkefni sem tengjast áhugasviðum nemenda.
- Efling teymiskennslu og leiðsagnarnáms.
- Aukin áhersla á umhverfismál og áframhaldandi þróun útikennslunnar.
- Marka heildstæða stefnu um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Aukið samstarf skólanna um starfsþróun og endurmenntunartækifæri.
- Að fylgja betur eftir stefnumörkun um heilsueflandi skóla og setja skóla- og frístundastarfi forvarnarstefnu með hliðsjón af stefnu sveitarfélagsins.
- Að halda áfram þróun markvissrar áttthagafræðikennslu.
- Skólarnir leggi aukna áherslu á tengsl við samfélagið (hugað verði að meiri tengslum við atvinnulíf, náttúru og umhverfi: Nefna má starfsnám, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, vinnustaði og söfn, náttúruskoðun vettvangsferðir og –athuganir, samstarf við eldri borgara.

Ofangreind greining er lögð til grundvallar nýrri skólastefnu og vísar veginn um þær megináherslur sem settar verða á oddinn næstu fimm ár.

Markmið bæjarins er að eiga skóla og frístundastarf sem einkennist af fjölbreyttu og skapandi starfi þar sem stöðugt er unnið að umbótum af metnaði. Vellíðan barna og starfsfólks, einstaklingsmiðað nám og góður námsárangur skal vera í fyrirrúmi. Þá skal efla samstarf innan og á milli skólanna og frístundastarfsins, við samfélagið og heimilin. Áhersla er lögð á fagmennsku, góðar starfsaðstæður, gagnkvæma virðingu, jafnrétti, mannréttindi og lýðræðislega starfshætti. Þá skiptir máli að nýta þau sóknarfæri sem felast í að tengja námið einstöku umhverfi og atvinnulífi í sveit og bæ, fjölbreyttri og um margt einstakri náttúru, nálægð við strönd, eyjar og haf og merkilegri og viðburðaríkri sögu.

## Skóli án aðgreiningar – einstaklingsmiðað nám

Í skólunum í Stykkishólmi er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir allra nemenda og jafnrétti haft að leiðarljósi í öllu starfi. Á næstu misserum verði eftirfarandi áherslur í fyrirrúmi til að koma betur til móts við fjölbreyttan nemendahóp:

- Bæta aðgang að sérfræðipjónustu; sérkennurum, sálfræðingum, atferlisfræðingum og talmeinafræðingum og stefna að því að ráða að skólunum fleiri sérkennara, þroskaþjálfara eða iðjuþjálfara og að þeir vinni sem mest í teyllum með kennurum.
- Bætt aðgengi að kennslufræðilegri ráðgjöf.
- Skipulag náms og kennslu taki aukið mið af margbreytileika nemendahópsins með fjölbreyttum og einstaklingsmiðuðum kennsluaðferðum.
- Að endurskoða móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og veita þeim kennslu við og efla íslenskunám þeirra.

## Nemendur

Áfram verði lögð áhersla á vellíðan nemenda, góð samskipti og jákvæðan skólabrag. Á næstu árum verði unnið að því að efla enn ábyrgð nemenda á eigin námi eftir því sem þroski þeirra leyfir og að þeir taki meiri þátt í ákvörðunum um skólastarfið en verið hefur. Kannanir sem gerðar hafa verið sýna að áriðandi er að efla trú nemenda á eigin námsgetu, sjálfstraust þeirra, áhuga og þrautseigju. Leiðir að þessu eru meðal annars þær sem hér greinir:

- Aukin áhersla á að hlusta á raddir nemenda og hafa þá með í ráðum um nám og skólastarf. Nefna má að þeir hafi hönd í bagga varðandi skólastofur og annað námsumhverfi, samráð um

mötuneytismál, þátttöku í að setja bekkjar- og skólareglur, regluleg lýðræðisþing (nemendabing) og að fá tækifæri til að ráða viðfangsefnum sínum eða hvernig þeir skila þeim (skapandi skil).

- Skólarnir móti sér aðgerðaáætlanir byggðar á forvarnarstefnu sveitarfélagsins.
- Aukin áhersla á vinaverkefni, jafningjastuðning og jafningjakennslu.
- Eineltisstefnu skólanna verði fylgt fast eftir.
- Náms- og starfsráðgjöf verði eflid.

## Uppeldi, nám og kennsla

Skólarnir í Stykkishólmi starfa eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og leggja grunnþætti menntunar, eins og þeir eru skilgreindir í námskrá, (Aðalnámskrá leikskóla 2011 og Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013) til grundvallar í starfi sínu. Starfsfólk skólanna leggur áherslu á fjölbreyttar aðferðir og nálganir í skóla- og uppeldisstarfi til að auka líkur á að komið sé til móts við þarfir sem flestra barna. Á báðum stigum er lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og góðar starfsvenjur.

Á næstu misserum og árum verði áhersla á:

- Enn meira afl verði lagt í að bæta námsárangur og efla námsáhuga og sjálfstraust nemenda og trú þeirra á eigin getu. Leitað verði leiða til að efla námsáhuga, m.a. með fjölbreyttum kennsluaðferðum, sjálfstæðum verkefnum, verkefnum sem tengjast notkun ólíkra miðla, skapandi starfi og skilum og öðrum viðfangsefnum sem þjálfa lykilhæfni.
- Menntun til sjálfbærni og umhverfisvernd verði rauður þráður í námi á báðum skólastigum.
- Efla hæfni nemenda í að tjá sig og taka þátt í formlegum og óformlegum samræðum.
- Áfram verði unnið að þróun útinámsins og byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið á leikskólastiginu og á yngsta stigi grunnskólans.
- Hugað verði að því að auka val nemenda og samráð við þau um námið. Valgreinar verði eflidar, einkum greinar sem fela í sér verklega þætti, sköpun og tengsl við samfélagið. Val verði einnig aukið í námi yngri barna. Þá fái nemendur fleiri tækifæri til að fást við áhugasviðsverkefni.
- Áfram verði haldið innleiðingu leiðsagnarnáms þar sem megináhersla verði á uppbyggilega endurgjöf og ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Átak verði gert til frekari innleiðingar á upplýsingatækni í þágu náms og kennslu.
- Náttúrufræðikennslan verði eflid með fjölbreytni og verklegar áherslur að leiðarljósi.
- Ný listasmiðja í leikskólanum verði nýtt til fjölbreytts, skapandi starfs.
- Leitað verði leiða til að styrkja þróunarverkefnið Sköpun og Hugarró.
- Unnið verði að betri samfellu í námi nemenda sem fá sérkennslu.
- Starfið í Skapandi deild tónlistarskólans verði þróað áfram með það að markmiði að nemendur haldi áfram námi í gegnum framhaldsskóla (þeirra sem stunda nám í Grundarfirði).
- Stefnt verði að því að áthagafræði verði ein af megináherslum í grunnskólastarfinu.
- Nemendur fái mörg tækifæri til að glíma við viðfangsefni sem tengjast sögu, umhverfi og náttúru.
- Betur verði hugað að því að koma til móts við bráðgera nemendur, m.a. í samstarfi við FSN.
- Starfið í Regnbogalandi verði þróað áfram, m.a. með því að bjóða fjölbreyttar smiðjur og klúbba.

- Klúbbastarf í frístundastarfi með unglingunum verði eflt og sérhæfðra lausna leitað fyrir þá sem ekki finna sig í því starfi sem hefur verið í boði.
- Leitað verði eftir samstarfi um frístundastarf við önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi.
- Starfsemi ungmennahúss verði tryggð í samstarfi við ungmennaráð.

## Aðstæður

Leikskólinn í Stykkishólmi býr við góðar aðstæður að öðru leyti en því að huga þarf að eðlilegri endurnýjun leikfanga og bóka. Í grunnskólanum þarf að bæta aðstöðu. Almennar skólastofur vantar, nokkrar skólastofur eru of litlar, tónmenntastofu og náttúrufræðistofu vantar, endurnýja þarf heimilisfræðistofu og smíðastofu og finna frístundastarfi yngstu barnanna húsnæði sem hentar og truflar ekki annað starf. Þá vantar samkomusal og fundarými, t.d. fyrir sérfræðinga. Tölvukost þarf að bæta og æskilegt að koma upp tæknirými. Talsvert vantar á að nægileg ánægja sé meðal nemenda með mötuneyti. Tónlistarskólinn og frístundaheimili eru í bráðabirgðahúsnæði. Tónlistarskólinn býr við ágætar aðstæður, þó galli sé hversu langt er á milli deildarinnar og Grunnskólans, auk þess sem bæta þarf hljóðvist. Fjarlægð milli staðanna hamlar samvinnu þeirra, samnýtingu og samstillingu krafta.

Á næstu misserum þarf að huga að eftirfarandi verkefnum:

- Unnið verði að umbótum á húsnæði grunnskólans í samvinnu við starfsfólk og áfram haldið undirbúningi að viðbyggingu við skólann sem einnig hýsi Tónlistarskólann og aðstöðu fyrir frístundastarf.
- Finna þarf lengdri viðveru varanlegt húsnæði.
- Áfram verði unnið að því að bæta tæknibúnað, tölvukost, snjalltæki, innra net og tölvuþjónustu.
- Ráðist verði í nauðsynlegar lagfæringar á útileiksvæðum og leiktæki endurnýjuð og viðundandi hreinlætis- og inniaðstöðu komið upp á útinámssvæði (skógræktinni) sem nýtist báðum skólunum, sem og frístundastarfinu.
- Endurnýja leikföng og bæta leikfangakost yngstu barnanna.
- Vinna þarf að því að hollur og góður matur, sem nemendur eru ánægðir með, sé í boði í grunnskólanum.

## Heimili og skóli

Enda þótt viðhorf foreldra til skóla- og frístundastarfs séu jákvæð, vantar talsvert á að þátttaka þeirra í námi barnanna sé nægileg. Áriðandi er að heimili og skólar vinni saman að menntun og velferð nemenda og að gagnkvæmt traust og virðing ríki. Í almennum hluta Aðalnámskrár grunnskóla (bls. 45) segir:

*Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla.*

Vitað er að virkur áhugi foreldra á námi barna sinna er afar þýðingarmikill. Áriðandi er að foreldrar finni sig eiga virka hlutdeild í námi barna sinna og þeir fái tækifæri til að koma skoðunum sínum um nám þess og skólastarfið á framfæri og finni að á þá sé hlustað.

Áhersla verði lögð á:

- Samstarf við foreldra og heimili verði eflt og aukin áhersla lögð á þátttöku foreldra í starfinu, að þeir fylgist með námi barna sinna og sýni því áhuga og ræði það við þau. Sérstök áhersla

verði lögð á að foreldrar vinni með skólunum að því að efla lestraráhuga, lesi með börnunum og ræði efnið við þau.

- Allt skólastarf sé sem sýnilegast og að foreldrum séu kynnt þau verkefni sem nemendur eru að fást við hverju sinni með fjölbreyttum hætti (á samfélagsmiðlum, með sýningum, kynningum og á heimasíðum skólanna).
- Foreldrum stendur alltaf til boða að mæta í spilatíma barna sinna og eru þeir hvattir til að nýta sér það.
- Foreldrar og skóli leggist á eitt um að að ferðamáti nemenda til og frá skóla sé umhverfisvænn og heilsueflandi (að ganga eða hjóla í skólann)
- Efnt sé til reglulegra samráðsfunda með foreldrum („foreldrakaffi“, „súpufundir“, fræðslufundir, hugarflugsfundir). Meðal efnis sem áriðandi er að ræða er mikilvægi leikskólastigsins þá sérstaklega stuðnings foreldra við máluppeldi og lestrarnám.

## Starfsfólk og starfsþróun

Stykkishólmsbær og Helgafellssveit leggja áherslu á að eiga á að skipa vel menntuðu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki sem setur fagleg sjónarmið á oddinn í starfi sínu og vinna stöðugt að umbótum í anda hugmynda um skólann sem lærdómssamfélag. Kostað skal kapps um að búa starfsfólki sem best starfsskilyrði og veita því góð tækifæri til stöðugar endurmenntunar og starfsþróunar. Starfsþróun hefur verið eflað og starfsmenn hvattir til endurmenntunar, sem og til að miðla öðrum, t.d. í menntabúðum. Starfsþróunarsamtöl eru fastur liður í starfi skólanna.

Á næstu misserum er brýnt:

- Að finna leiðir til að laða fleiri fagmenntaða leikskólakennara að leikskólanum. Meðal þeirra hugmynda sem ræddar hafa verið er aukin samræming vinnutíma og leyfa á stigunum tveimur, sem og að bæta aðstöðu. Eins þarf að skapa starfsfólk leikskólans aukið svigrúm til faglegrar samvinnu, t.d. með fjölgun starfsdaga.
- Tækifæri starfsfólks til endurmenntunar verði aukin. Starfsfólk verði áfram styrkt til að bæta við sig menntun. Tryggja þarf að starfsfólk af erlendum uppruna, sem ráðið er að skólunum, eigi kost á íslenskunámi.
- Áfram verði staðið vel að skólaþróunarstarfi og styrkja til þróunarverkefna leitað. Áhersla verði lögð á að afla styrkja til verkefna sem tengjast málörvun og eflingu læsis.
- Starfsfólk eigi kost á reglulegum kynnisferðum í aðra skóla.
- Teymisvinna og teymiskennsla verði eflt eftir því sem kostur er og menntabúðir verði fastur liður í starfi skólanna.
- Að horft verði til kynjahlutfalls við ráðningar.
- Markvisst þarf að vinna að því að skapa og viðhalda góðum starfsanda og sterkri liðsheild.
- Lýðræðisleg vinnubrögð verði höfð að leiðarljósi og ábyrgð dreift.
- Tekin verði upp regluleg starfsþróunarsamtöl við stjórnendur skólanna.
- Skipulagðir verði fastir samráðs- og lausnaleytafundir með stjórnendum skólanna, formanni skóla- og fræðslunefndar og bæjarstjóra.
- Skólanámskrágerð verði eflað og innra mat bætt þar sem þess er þörf.

## Samstarf

Á næstu fimm árum verður skipulega unnið að því að efla samstarf skólanna innbyrðis sem og við þá sem vinna að frístunda-, íþrótt- og tómstundastarfi. Þá verði leitað eftir auknu samstarfi við aðra



skóla á Snæfellsnesi. Nýtt verði þau sóknarfæri sem fólgin eru í virkri, sameiginlegri skólastefnu. Helstu verkefni verði þessi:

- Skólarnir móti sér sameiginlega stefnu um sérkennslu og um móttöku nemenda af erlendum uppruna.
- Fjölgað verði gagnkvæmum heimsóknnum skólabarnanna.
- Hugað verði að sameiginlegu starfi, svo sem sameiginlegum þemadögum (sjá dæmi um þemu í kaflanum **Skóli, samfélag og umhverfi**), söngstundum, leiksýningum, sýningum, hljótleikum, íþróttadegi eða vorhátíð.
- Á næstu fimm árum verði efnt til a.m.k. eins samvinnuverkefnis á sviði skólaþróunar.
- Samstarf við skóla í öðrum sveitarfélögum um starfs- og skólaþróun verði enn eftt, einkum við skólana á Snæfellsnesi.

## Skóli, samfélag og umhverfi

Eitt af forgangsverkefnum fyrri skólastefnu var áhersla á að tengja nám og samfélag (tenging við daglegt líf, atvinnulíf, náttúru og umhverfi, starfsnám, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, vinnustaði og söfn, náttúruskoðun). Þá skyldi skipulega unnið að því að gera skólastarfið sýnilegra. Brýnt er að þessum áherslum verði fram haldið:

- Rækt verði lögð við að efla þekkingu og skilning nemenda á sögu og umhverfi Stykkishólms / Helgafellssveitar; atvinnulífi, mannlífi og náttúru.<sup>1</sup>
- Þess sé gætt að verkefni sem snerta sjálfbærni og umhverfisvernd skipi fastan sess í skólastarfinu.
- Stefnt er að auknu samstarfi skólabarnanna og eldri borgara, m.a. með verkefnum þar sem kynslóðirnar hittast og miðla og kenna hvor annarri.
- Starfskynningar og heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki verði fastur liður í skólastarfinu.
- Unnið verði markvisst að því að efla skilning foreldra og annarra íbúa á mikilvægi leikskólastigsins fyrir uppeldi, þroska og námsárangur.
- Leitast verði við, eftir því sem unnt er, að tengja skólastarf viðburðum í bænum (t.d. friðargöngu, áramótabrennu, sjómannadag og 17. júní).

## Virk skólastefna

Áríðandi er að skólastefnan sé virk og að henni sé fylgt eftir. Það má gera með ýmsum hætti, t.d. að fara að dæmi Grunnskólans í Stykkishólmi þar sem árlega hefur verið tekið saman yfirlit um það hvernig tekist hefur að koma til móts við ákvæði hennar og aðgerða- og umbótaáætlun mótuð á þeim grunni. Mælt er með því að aðrir fylgi þessu dæmi og jafnframt að árlega, eða annað hvert ár, verði efnt til samráðsfunda um skólastefnuna þar sem farið er í saumana á framvindu hennar.

---

<sup>1</sup> Dæmi um viðfangsefni sem lögð er áhersla á: Líf í sjó, fiskveiðar, landbúnaður, útgerð, ferðaþjónusta, verslunarsaga, tónlist. Hjálparorð: Laxdæla, Eyrbyggja, Guðrún Ósvífursdóttir, Þórólfur mostraskegg, Snorri goði, Þingvellir, Þórsnesþing, Helgafell, Breiðafjörður, Breiðafjarðareyjar, kræklingur, hörpudiskur, Norska húsið, Vatnasafnið, Amtsbókasafnið, klaustrið, Berserkjahraun, gömlu húsin í bænum, Júlíana Jónsdóttir, Ólína og Herdís Andrésdætur. Einnig má nefna samvinnu við Svæðisgarð Snæfellinga. (<https://www.snaefellsnes.is/>).

## Tilvísanir

Gunnhildur Harðardóttir og Þórdís Hauksdóttir. (2021). *Ytra mat grunnskóla: Grunnskólinn í Stykkishólmi*. Menntamálastofnun. Sjá [https://mms.is/sites/mms.is/files/grunnskolinn\\_i\\_stykkisholmi.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/grunnskolinn_i_stykkisholmi.pdf)